




AÐALSKIPULAG ÁSAHREPPS 2010 - 2022

Aðalskipulagsbreyting í Miðmundarholti

09.05.2018



GREINARGERÐ – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

5166-005-GRG-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 8

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Berglind Sigurðardóttir

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Gísli Gíslason

LYKILORÐ

...

STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
 Drög til yfirlestrar
 Lokið

DREIFING

- Opin
 Dreifing með leyfi verkkaupa
 Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Aðalskipulag Ásahrepps 2010 - 2022

VERKHEITI

Aðalskipulagsbreyting í Miðmundarholti

VERKKAUPI

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita

HÖFUNDUR

Guðrún Lára Sveinsdóttir

ÚTDRÁTTUR

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Guðrún Sveinsdóttir	Lára	02.05.18	Ásgeir Jónsson	11.05.18	

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Ásahrepps þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun
þann _____

EFNISYFIRLIT

1	ALMENNT	5
1.1	Markmið breytingar og staðhættir	5
1.2	Minjar	6
1.3	Veitur	6
1.4	Sorp	6
1.5	Aðalskipulag	6
1.6	Deiliskipulag	6
2	UMSAGNARAÐILAR	6
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
3.1	Íbúðarsvæði Í3 í Miðmundarholti	7
3.1.1	Breyting á greinargerð:	7
3.2	Niðurstaða sveitarstjórnar	8

Miðmundarholt er í landi Króks, vestan við Króksveg nr. 2930. Landið hallar lítillega til vesturs, er algróið en óræktað og hefur verið nýtt til útivistar. Aðkoma er af Króksvegi. Svæðið hefur verið skilgreint sem íbúðarsvæði og er eignarhald lóða allt á sömu hendi, einungis er föst búseta í einu húsi á svæðinu.

1.2 Minjar

Fornminjaskráning hefur farið fram á svæðinu og þar eru engar þekktar fornminjar.

1.3 Veitur

Gerð er grein fyrir vatns-, rafmagns- og fráveitu í gildandi deiliskipulagi.

1.4 Sorp

Gerð er grein fyrir sorphirðu í gildandi deiliskipulagi.

1.5 Aðalskipulag

Í greinargerð gildandi aðalskipulags eru sett fram eftirfarandi markmið fyrir:

- „Bæta þarf þjónustu við ferðamenn og auka afþreyingarmöguleika til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggðarlagið“.

1.6 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir íbúðarsvæðið sem var staðfest í september 2014. Þar eru skipulagðar 7 íbúðarhúsalóðir.

2 UMSAGNARAÐILAR

Umsagnaraðilar við þessa breytingu eru:

- Umhverfisstofnun (UST)
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Ferðamálastofa

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI


Breyting á aðalskipulagi verður fyrir eftirfarandi svæði:

3.1 Íbúðarsvæði Í3 í Miðmundarholti

3.1.1 Breyting á greinargerð:

Gerð verður gerð breyting á töflu á bls. 41.

Í3. Miðmundarholt. Á Miðmundarholti er gert ráð fyrir allt að 7 íbúðarlóðum. Heimiluð er sala heimagistingar fyrir allt að 10 gesti innan hversrar lóðar í flokki II skv. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Stærð svæðis er um 10 ha.



MYND 2. Staðsetning íbúðarsvæðis Í3 á aðalskipulagsupprætti, merkt með rauðum ferningi.

3.2 Niðurstaða sveitarstjórnar

Heimild til ferðaþjónustu í íbúðarhúsum á svæðinu er ekki talin hafa í för með sér teljandi umhverfisáhrif eða áhrif á aðra landnotkun þrátt fyrir að breyting aðalskipulags heimili sölu gistingar fyrir allt að 70 gesti á íbúðarsvæðinu. Líklegt er að breytingin styðji við og styrki þann rekstur ferðaþjónustu sem fyrir er á jörðinni þar sem stuðlað er að bættri þjónustu við gesti. Þar sem engir íbúar, sem ekki tengjast fyrirhugaðri ferðaþjónustu búa á svæðinu er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn telur að breytingin samræmist markmiðum í gildandi aðalskipulagi. Að mati sveitarstjórnar er um minniháttar breytingu á aðalskipulagi að ræða þar sem fyrirhuguð breyting kemur ekki til með að hafa í för með sér teljandi áhrif á umhverfið.